

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 8. janúar 2019 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Jóhann Kristjánsson. Þróstur Helgason boðaði forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2019

Sjá stj. ÍM 9/2018. Ákveðið var að málræktarþingið yrði með öðru sniði í ár en undanfarin ár. Rætt var um að bjóða erlendum fræðimanni að halda erindi og reyna að fá fleiri til að sækja þingið. Umræður um hentugan fyrirlestrasal fyrir málræktarþingið.

2. Tvímála orðabækur og önnur uppflettirit

Rætt var um tvímála orðabækur og önnur uppflettirit og möguleikann á því að hafa slík rit á opnum vef. Fyrir fámennt málsvæði skipta tvímála orðabækur mjög miklu máli. Hvar á að vista efnið? Hægt væri að notað vefsvæðið islenskan.is ef síðan væri hönnuð upp á nýtt.

3. Vefur fyrir íslenskt mál

Sjá fg. ÍM 2/2018, 5b. Á fundi fullskipaðrar málnefndar í nóvember sl. var rætt vef fyrir íslenskt mál og að æskilegt væri að fulltrúar notenda, þ.á m. kennari, tölvumaður og einhver úr fræðasamfélaginu, kæmu að gerð hans. Í ljósi þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (443. mál, <https://www.althingi.is/altext/149/s/0631.html>) má gera ráð fyrir að ráðuneytið þurfi að sjá um að til sé vefur fyrir íslenskt mál. Tryggja þarf fjármagn fyrir slíkan vef og einnig þarf einnig starfsmann til að sjá um vefinn.

4. Fundur með ráðherra

Formaður hefur pantað viðtal hjá mennta- og menningarmálaráðherra. Vekja þarf máls á ýmsum áhersluatriðum, s.s. aðgengi að orðabókum og orðasöfnum, námi nemenda með annað móðurmál en íslensku og að auka vægi íslenskukennslu í kennaranámi. Ný málnefnd tekur til starfa í janúar 2020 og verður hlutverk hennar að endurskoða íslenska málstefnu. Ekki er raunsætt að því verki verði að fullu lokið í árslok 2020 eins og fram kemur í áðurnefndri þingsályktunartillögu um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

5. Önnur mál

a. Fyrirspurn um starf málfarsráðunautar RÚV

Fyrirspurn barst til ritara í tölvupósti um starf málfarsráðunauta RÚV, s.s. um ensk orð í lesnum auglýsingum og áherslur í upplestri. Málið var rætt.

b. Tillaga til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál

Þingsályktunartillögunni var fagnað og ákveðið var að senda umsögn um málið. Mikilvægt er að framkvæmd áætlunarinnar sé markviss og tilgreint hver eigi að framkvæma hvað og hvernig.

c. Málfregnir

Veftímaritið Málfregnir er komið á vef Íslenskrar málnefndar. Rætt var um frágang greina sem birtar eru í Málfregnum.

d. Doktorsvarnir á ensku

Nemandi sendi fyrirspurn um rétt sinn til að tala íslensku við doktorsvörn. Nemandanum var bent á að snúa sér fyrst til námsbrautar í sínu fagi og fá þar úr þessu skorið.

e. Málstefna Reykjavíkurborgar

Sjá fg. stj. ÍM 9/2018. Hilmar Hilmarsson sendir bréf til Reykjavíkurborgar og óskar eftir fundi um reynslu af framkvæmd málstefnu borgarinnar.

Fundi lauk kl. 15.45.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.